

um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson,  
Gylfi Þ. Gíslason, Jón Árm. Héðinsson, Stefán Gunnlaugsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir byggðu landi sem óbyggðu, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu.

Við samningu frumvarps eða frumvarpa að lagagerð þessari sé m. a. þessa gætt:

1. Allt hálandi landsins og óbyggðir, að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila en ríkisins liggja ekki fyrir, sé lýst alþjóðareign, og skýrt sé kveðið á um mörk þessarar eignar.
2. Sú grundvallarregla verði mörkuð, að stefnt skuli að því, að allt land verði með tímanum almannaeygn (eygn ríkis eða sveitarfélaga), en bújarðir megi ganga kaupum og sölum til búrekstrar, meðan bændur kjósa þann hátt á, fremur en hafa lönd sín á erfðafestu. Ríki og sveitarfélögum sé þó tryggður forkaupsréttur á öllu landi.
3. Stöðuvötn í afréttum og öll fallvötn verði lýst alþjóðareign, þar í falinn virkjunarréttur. Ríkið eitt geti leyft og leigt fiskræktar- og veiðirétt, svo sem viðkomandi sveitarfélögum og öðrum félagslegum samtökum, en greiddur sé arður til landeigenda samkvæmt arðskrá.
4. Allur jarðvarmi undir 100 m dýpi og aðstoðar hins opinbera þarf til að bora eftir og virkja verði lýstur alþjóðareign.
5. Öll verðmæti í jörðu, á landi og landgrunni, sem finnast fyrir atbeina ríkisins eða leyfis ríkisins þarf til að leita eftir, skuli teljast eign ríkisins og háð valdi þess.
6. Glöggð sé kveðið á, hvernig landareign og landnytjar færast úr einkaeign í eign ríkis eða sveitarfélaga og hvernig bætur skuli reiknast fyrir.
7. Kveðið skal á um umgengnis skyldur við landið og viðurlög við spjöllum.

#### Greinargerð.

Tillaga til þingsályktunar um að lýsa hálandi landsins og óbyggðir alþjóðareign hefur verið flutt af þingmönnum Alþýðuflokksins þrjú undanfarin þing á Alþingi, en ekki náð afgreiðslu. Tillagan hefur hins vegar vakið mikla athygli og umtal meðal almennings um allt land.

Við búum í þjóðfélagi, sem á undanförunum áratugum hefur tekið stórfelldum breytingum og er á miklu breytingaskeiði enn, þar sem sífellt eru að koma upp ný og ný vandamál, sem gömul skipan á ekkert rúm fyrir, en hefur kallað á brask og jafnvel valdnefndu. Svo er t. d. um einkaeign á lóðum og lendum, virkjunaraðstöðu í fallvötnum, ýmis önnur vatnsréttindi o. fl., o. fl.

Flutn.menn líta svo á, að það stríði gegn hagsmunum almennings og réttarkennd alls þorra landsmanna, að land- og lóðaeigendur geti án minnstu hlutdeildar þeirra sjálfra stórhagnast á aðgerðum hins opinbera, svo sem skipulagningu þéttbýlis á landareign þeirra, gatnagerð, vatnstöku, flugvallargerð, vegalagningu o. fl. í þágu almennings. Sama gildir um virkjun fallvatna, að fráleitt er, að landeiganda eða landeigendum, sem engin tók hafa á að nýta vatnsorku af eigin rammleik, skuli geta haldist uppi að varna íbúum heilla byggðarlaga, jafnvel landshluta, notkun fallvatna til orkuframleiðslu.

Enn er að geta þess háska fyrir landbúnaðinn, sem leynist í kapphlaupinu um veiðiarðar og jarðir, sem veiðiréttindi lúta undir. Er svo komið í sumum byggðar-

lögum, t. d. á sunnanverðu Snæfellsnesi, að fjáraflamenn hafa keypt upp lönd með heilum veiðiám, hirða sumir lítt eða ekki um búsetu jarðanna né nýtingu og valda þannig uppflosun í áður blómlegri byggð. Ekkert virðist heldur því til hindrunar, að erlendir auðkýfingar geti með íslenskan staðgengil að yfirvarpi keypt upp jarðir meðfram veiðiám, og munu þeir þá lítt hirða um, hvort húið verður vel eða illa á eftir í þeim sveitum.

Enn annars staðar stunda veiðibændur okurútleigu á veiðidögum í ám, svo að þorra landsmanna gerist það fristundagaman ofviða að skreppa í lax eða silung, en erlendir auðmenn sitja að þeim gæðum.

Þá ber að hafa í huga, að ætla má, að fiskeldi í ám og vötnum geti innan tíðar orðið blómleg atvinnugrein í landinu, og þá mikilsvert að hafa í tíma komið í veg fyrir ýmiss konar hagsmunaárekstra, sem einkaeign á ám og vötnum kallar á, en almannaeign eða ríkisyfirráð útiloka.

Nágrannar okkar á Norðurlöndum, Norðmenn og Svíar, sömuleiðis Skotar, Englendingar og Írar, sem og Bandaríkja- og Kanadamenn, hafa ekki talið sér henta að hafa eignarráð fallvatna svo lausbeisluð sem hér er, en tekið þau ýmist í ríkiseign eða ríkisumsjá til að hindra brask einkaaðila með eftirsótt not þeirra, en greiða arð til landeigenda, ef eru, eftir arðskrá.

Á síðustu árum hafa augu fjölmargra opnast fyrir því, að mannkynið hefur þegar spillt umhverfi sínu stórlega á margan hátt og mengað loft og vatn, svo að jörðin kunni að verða óbyggileg eftir nokkrar kynslóðir, verði ekki að gert hið bráðasta. Óspillt land, ómengað loft og vatn eru nú talin til hinna verðmætustu eigna hvernar þjóðar. Í þessum efnum erum við Íslendingar enn auðug þjóð, en ber þó að gæta fyllstu varúðar að spilla þeim gæðum ekki, jafnframt því sem við nýtum auðlindir okkar sem best. Samfara auknum skilningi á þessum staðreyndum hefur þeirri skoðun vaxið óðfluga fylgi, að sem mest af landinu, ekki aðeins hálendi og óbyggðir, vötn og ár, heldur og af byggilegu landi, eigi að vera almenningseign. Brask með þessi auðæfi í einkaeign er alþekkt fyrirbrigði víða um heim, þar sem hagsmunir fárra fleyta rjómann af hagsmunum margra. Þetta hefur gerst hér þegar í of miklum mæli, en mun hraðvaxa um næstu framtíð, verði ekki fljótt að gert. Það er eitt stærsta verkefnið í íslenskri löggjöf nú að færa þessi mál til rétttrar stefnu, þeirrar, að hagsmunir fjöldans gangi fyrir hagsmunum fárra.